

Reykjavíkurborg umhverfis- og tæknisvið  
Ólafur Bjarnason, forstöðumaður verkfræðisviðs  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík

2004030026  
0000; 9310

Reykjavík, 24. júní 2004  
/--

**Efni: Landfyllingar við Gufunes í Reykjavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun um landfyllingar við Gufunes í Reykjavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Reykjavíkurborgar dags. 5. maí 2004 tillaga að matsáætlun:

Reykjavíkurborg. Landfyllingar við Gufunes, Reykjavík. Hönnun. Mars 2004.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu Reykjavíkurborgar hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnuninni, iðnaðarráðuneytinu, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun, Umhverfis- og heilbrigðistofu Reykjavíkur og veiðimálastjóra.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykjavíkurborg með bréfi dags. 14. maí 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 24. maí 2004, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 2. júní 2004, iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 1. júní 2004, Siglingastofnun með bréfi dags. 18. maí 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. maí 2004, Umhverfis- og heilbrigðistofu Reykjavíkur með bréfi dags. 21. maí 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 25. maí 2004.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 21., 24. og 26. maí og 2. og 14. júní 2004.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Reykjavíkurborgar dags. 21., 24. og 26. maí og 2. og 14. júní 2004 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmdarsvæði**

Í kafla 2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdarsvæðið. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vegna fyrirhugaðrar breytingar á landnotkun í Geldinganesi vegna samþykktar borgarráðs Reykjavíkurborgar auk nýu annarra sveitarfélaga á viljayfirlýsingu um sameiningu Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar og Borgarneshafnar í eitt fyrirtæki frá og með 1. janúar 2005 væri ástæða til að endurskoða afmörkun, lögun og stærð fyrirhugaðra landfyllinga. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mat á umhverfisáhrifum landfyllinganna í Gufunesi verði unnið í samræmi við núgildandi aðalskipulag. Vætanlega verði byrjað á 34 ha fyllingunni við vestanvert Gufunes, en ef ákveðið verði á seinni stigum að endurskoða afmörkun fyllingarinnar út frá norðanverðu Gufunesi út í Eiðsvík, fáist með því móti næganlegt svigrúm til þeirrar endurskoðunar. Í ljósi ofangreindrar samþykktar telur Skipulagsstofnun mikilvægt að gerð sé grein fyrir því í matsskýrslu hvort og þá hvaða breytingar verði á framkvæmd verði hætt við byggingu hafnar í Eiðsvík.

### **Efnistaka**

Í kafla 2.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnisþörf og efnisöflun. Fram kemur að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir efnisöflun og birtur listi yfir þær námur sem líkur eru á að sótt verði í auk þess að getið verði um staðsetningu náma. Skipulagsstofnun bendir á að í matsskýrslu sé æskilegt að sýnt verði á uppdrætti staðsetning hugsanlegra efnistökusvæða á sjó og landi. Einnig kemur fram í kafla 2.4 í tillögu að matsáætlun að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir mögulegum flutningsleiðum jarðefnis. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir áætlun um fjölda ferða, hávaða- og loftmengun og hugsanlegar hættur sem fylgt geta efnisflutningunum, sbr. athugasemd Skipulagsstofnunar til framkvæmdaraðila við drög að tillögu að matsáætlun dags. 18. mars sl.

Einnig er í kafla 2.4 fjallað um hugsanlega losun dýpkunarefnis úr Sundahöfn við gerð landfyllinga við Gufunes. Skipulagsstofnun bendir á að í úrskurði stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum dýpkunar Sundahafnar dags. 19. apríl 2000 kemur fram að dýpkunarefni úr Sundahöfn innihaldi mengandi efni. Lögð var áhersla á að í lok hvers dýpkunaráfanga yrði tryggt að dýpkunarefnið væri hulið á viðunandi hátt á fyllingarsvæðum. Skipulagsstofnun telur að í ljósi hugsanlegra breyttra áætlana Reykjavíkurborgar um losun dýpkunarefnis úr Sundahöfn við Gufunes í stað losunar framan við Klepp og á Klettasvæði og ofangreinds úrskurðar þurfi í matsskýrslu að koma fram ítarlegar upplýsingar um dýpkunarefnið m.a. mengun í seti, kornastærð efnis og hvernig staðið verði að losun og frágangi yfir efnið.

### **Mengun og vöktun**

Í kafla 4.2.5 og 5.2.5 í tillögu að matsáætlun kemur fram að sorphaugar hafi verið starfræktir í Gufunesi frá 1967 til 1990. Ýmis spilliefni hafi verið urðuð þar án þess að nákvæmt bókhald hafi verið haldið yfir staðsetningu urðunar og frágang þeirra efna. Vegna þess hafi

heilbrigðisyfivöld nokkrar áhyggjur af mengun frá haugunum og hugsanlegu útstreymi mengunarefna frá þeim. Fram kemur að COD og ammoníak hafi greinst á svæðinu. Skipulagsstofnun tekur undir álit Umhverfisstofnunar um að nauðsynlegt sé að í matsskýrslu komi fram á uppdrætti staðsetning sýnatökustaða vegna mengunar. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að öll þau gögn sem sérstaklega voru unnin vegna matsvinnunnar verði fylgiskjöl með matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að í texta matsskýrslunnar þurfi að koma fram efnisleg umfjöllun um þær athuganir sem gerðar voru í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar, þ.m.t. niðurstöður rannsókna vegna mengunar. Skipulagsstofnun tekur undir álit Umhverfisstofnunar að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir því hvort að gasmengunar gæti í Gufunesi og ef svo sé til hvaða varúðarráðstafa framkvæmdaraðili muni grípa til að koma í veg fyrir slys á mönnum á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að af tillögu að matsáætlun megi ráða að hættuleg efni kunni að leynast í seti í Gufunesi. Stofnunin telur af þeim sökum að í matsskýrslu þurfi að koma fram hvort að þörf sé á gerð vöktunaráætlunar vegna hugsanlegrar mengunar í seti og ef svo sé, til hvaða þátta sú áætlun muni taka. Skipulagsstofnun telur að í umfjöllun um mengun botnssets í matsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um styrk mengunarefna í seti, umhverfismörk efnanna og áhrif þeirra á umhverfið.

### **Framsetning gagna**

Í köflum 4.2.3, 4.2.4 og 4.2.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um rannsóknir og úttektir á lífríki fjöru, botndýralífi og fuglalífi sem gerðar voru í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur að í umfjöllun um botndýralíf, lífríki fjöru og fugla þurfi í matsskýrslu að koma fram upplýsingar um þéttleika og fjölbreytni tegunda á athugunarsvæðinu, verndargildi þeirra og mikilvægi svæðisins sem búsvæðis í samburði við önnur nálæg svæði.

### **Lögsagnarumdæmi sveitarfélaga**

Í umsögn iðnaðarráðuneytis er bent á að almennt miðist mörk lögsagnarumdæma sveitarfélaga og þar með skipulagsvald þeirra á haf úti við netlög þeirra fasteigna sem liggja að sjó, eða 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Fyrirhugaðar landfyllingar teygja sig allt að 400 m frá landi, eða út fyrir skipulagslögsögu borgarinnar eins og hún er í dag, og telji ráðuneytið verulegan vafa leika á um það hvort framkvæmdaraðili hafi heimild til að skipuleggja svæðið undan Gufunesi. Í svari framkvæmdaraðila er bent á að fyrirhugaðar landfyllingar séu í samræmi við staðfest Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og að í ferli þeirrar skipulagsvinnu hafi ekki komið fram vísbendingar um að vafi léki á heimild Reykjavíkurborgar til að skipuleggja svæðið undan Gufunesi. Áður en til framkvæmda komi, verði Reykjavíkurborg og ríkið að leysa úr þeim ágreiningi, en ekki verði séð að hagsmunir ríkisins komi í veg fyrir að framkvæmdin muni eiga sér stað. Komi í ljós að framkvæmdin sé háð leyfi ríkisins, verði ekki ráðist í hana nema samningar takist á milli aðila eða leyst verði úr ágreiningi á annan hátt í samræmi við lög. Skipulagsstofnun bendir á að varðandi heimild Reykjavíkurborgar til að móta landfyllingu utan 115 m netlaga mun stofnunin ekki tjá sig með beinum hætti, enda fellur deilufni þetta ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit: Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnunin, iðnaðarráðuneytið, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun, Umhverfis- og heilbrigðistofa Reykjavíkur og veiðimálastjóri.